



Frekari upplýsingar um UMFÞ
Heimasíða félagsins: www.throttur.net

Kynnið ykkur nýja heimasíðu félagsins. Þar er að finna nýjar aga og siðareglur fyrir félagið, foreldrahandbók ásamt öllum upplýsingum um æfingartíma og fl.



Íþróttadagur UMFÞ

Verður haldinn föstudaginn
7. október í íþróttamiðstöðinni frá klukkan 17:00—19:00.

Allir krakkar eru velkomnir að koma og prófa ýmsar íþróttir undir leiðsögn þjálfara.

Opið hús fyrir alla hressa
Þróttara krakka



UNGMEINNAFÉLAGIÐ
ÞRÓTTUR

6. árg. 1 tbl. Útgefið 8. september 2011. Áb. Stjórn Þróttar



STARFSÁRIÐ 2011-2012



Skráning

Mánudagur 10. október kl. 18:00 - 21:00
Þriðjudagur 11. október kl. 18:00 - 21:00

Kæru íþróttaiðkendur og aðrir Vogabúar.

Á næsta ári er stórafmæli hjá UMFP og mun stjórn þróttar leggja mikla áherslu á að halda upp á þau tímamót. Alltaf er unnið að því að fjölga iðkendum og er það stefna okkar nú sem fyrri ár. Hluti af því átaki er lækun æfingagjalda frá því í fyrra. Áhersla verður lögð á öfluga starfsemi og jafnframt gott samstarf félagsins við þjálfara, foreldra, iðkendur og aðra velunnara félagsins. Að auki viljum við þetta raðir stuðningsmanna félagsins á þann veg að við verðum áfram stoltir þróttarar.

Í september verður opnuð ný heimasíða þar sem hægt verður að nálgast allar upplýsingar um starfsemi félagsins. Þar er að finna foreldrahandbók og nýjar síða- og agareglur fyrir félagið.

Þann 1. september hóf störf nýr framkvæmdastjóri félagsins en hún heitir Sigríður Vigdís Þórðardóttir. Hlutverk hennar er að vera tengiliður allra aðila sem koma að starfsemi UMFP og tryggja að samskiptin verði sem farsælust.

Yfirþjálfari knattspyrnudeildar, Vignir Arason var ráðinn í fyrra og hefur reynslan af starfi hans verið mjög góð. Hlutverk hans er að hafa yfirumsjón með og skipuleggja þjálfun flokka með þjálfurum deildarinnar.

Í vetur verður margt á boðstólum fyrir iðkendur þróttar; Knattspyrna, íþróttaskóli, sund og júdó svo allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi. Í vetur reynum við einnig fyrir okkur með badminton fyrir 8-15 ára. Óflugt félagsstarf verður í kringum iðkunina því hluti af því að æfa íþróttir er að njóta þess að vera í góðum og uppbyggilegum félagskap.

Við í stjórn UMFP viljum þakka íbúum Sveitarfélagsins Voga fyrir góðar viðtökur á liðnum árum. Samstarf okkar og samvinna heldur nú áfram og það er ósk okkar að nú geti enn fleiri verið með.

Þróttarakveðja,
Stjórnin.



Einbeittur Þróttari

Skrifstofa Þróttar er opin
mánudaga og föstudaga milli
10:00 og 12:00 og á
miðvikudögum milli 16:00 og
19:00.

Framkvæmdarstjóri verður til
viðtals á þessum tíma. Sími
framkvæmdarstjóra er 866-1699.

Sund: Árgjald

Eldri (5-10 bekkur) 38.000
Yngri (1-4 bekkur) 38.000

Fótbolti: Árgjald

Allir flokkar kk. og kvk. 38.000

Judo 38.000
Badminton 38.000

Leikskólasund
10. skipti **Námskeið.**
7000 á önn

Íþróttaskólinn
12 skipti 7000 á önn

8. flokkur fótbolti 7000 á önn

Hægt er að dreifa árgjöldum á 10 mánuði og greiða þá 3.700 á mánuði.

Annað barn í sömu fjölskyldu fær 50% afslátt af gjaldi og þriðja barn 75%.

100% afsláttur er annarri íþróttagrein sem barn iðkar hjá UMFP.

Hægt er að greiða fyrir æfingagjöld með greiðslukorti, boðgreiðslum og staðgreiðslu.



Fráfarandi framkvæmdarstjóri UMFP þakkar foreldrum, iðkendum, stjórn UMFP og starfsfólki samstarfið í vetur. Sérstakar þakkir fá starfsmenn íþróttamiðstöðvar fyrir alla hjálpa.

Stöndum nú saman öll sem eitt og eflum félagið okkar—því án stuðnings bæjarbúa getur félagið ekki vaxið.

Þróttarakveðja
Inga Sigrún Atladóttir
fv. Framkvæmdarstjóri UMFP

Upphaf vetrarstarfs

Vetrarstarfið hefst hjá UMFP 3. október í öllum greinum nema leikskólasundi og júdó sem hófust 1. september.

Iðkendum er boðið að koma í prufutíma frá 3. -7. október í allar greinar.

Fataskápurinn...

Í vetur munum við leggja áherslu á að allir iðkendur hjá Þrótti séu merktir félaginu. Það eflir samstöðu meðal iðkenda og sýnir að við erum öll stoltir Þróttarar.

Þróttur býður einnig upp á mikið úrval af öðrum fatnaði merkt Þrótti. Hægt er að skoða úrvalið á skrifstofu Þróttar á auglýstum opnunartíma.

Nýi Þróttaragallinn frá Saller. Almennt verð er **kr. 7500,-**

Nafnamerking á galla kostar aukalega **kr. 500,-**

Við eigum ennþá nokkra utanyfirgalla merкта Þrótti. Aðallega eru þeir í fullorðinsstærðum en eitthvað er til í barnastærðum.

Sokkar og sokkaleghlífar eru einnig til sölu á skrifstofu.



5. flokkur á smábæjarleikunum í sumar.

Þróttur hefur látið hanna og framleiða sérmerkt buff. **Verðið er kr. 1.000,-**

Frá framkvæmdarstjóra

Það er með gleði og tilhlökkun sem ég tek við stöðu framkvæmdarstjóra ungmennafélagsins Þróttar.

Ég er von íþróttá og ungmennastarfi frá unga aldri og hef því mikinn áhuga á að taka þátt í uppbyggingarstarfi félagsins.

Ég hlakka til að hitta ný og gömul andlit og vona að samstarfið verði gott í vetur.

Kveðja
Sigríður Vigdís Þórðardóttir

Knattspyrna

Nú er að hefjast nýtt leikár í knattspyrnunni. Mikill metnaður hefur verið hjá stjórn Þróttar til að byggja upp góða samfellu í knattspyrnuþjálfuninni. Unnið verður eftir metnaðarfullri námskrá þar sem farið er vel yfir áherslur í hverjum flokki.

Mikil áhersla verður lögð á að halda foreldrum upplýstum um það sem fram fer á æfingum. Mót verða ákveðin með góðum fyrirvara og upplýsingar um þau og æfingar verða aðgengilegar á heimasíðu Þróttar. Vetrarstarfið hefst 1. október.



Vignir

Yfirþjálfari:
Vignir Arason (UEFA-B-KSÍ V)
Mun þjálfra kvennaflokkana.

Baldvin J. Baldvinsson (KSÍ IV)
Mun þjálfra 8. fl, 7. fl kk. og 2.-3.fl.kk.



Baldvin



Marteinn

Marteinn Ægisson (KSÍ II)
Mun þjálfra 4., 5. og 6. fl. kk.

Rebekka (Riviere) Magnúsdóttir
Mun sjá um íþróttaskólann á laugardagsmorgnum klukkan 11:00.



Rebekka

	mánud	þriðjud	miðvikud	fimmtud	föstud
16:00 - 17:00	7. fl. kk	7. fl. kk		7. fl. kk	7.fl. kvk
17:00 - 18:00	7.fl. kvk	8.fl.	7. fl. kvk	5 fl. kk	5.fl. kvk
18:00 - 19:00	5.fl. kvk	5. fl. kk	5. fl.kvk	4.fl. kk	5. fl. kk
19:00 - 20:00	4 fl. kvk	4.fl. kk	4 fl. kvk		4.fl. kk
20:00-21:00					

Flokkaskipting í fótbolta

8. fl. tveir elstu árgangar í leikskólanum
7. fl. 1.- 2. bekkur
6. fl. 3. – 4. bekkur
5. fl. 5. – 6. bekkur
4. fl. 7. - 8. bekkur



3. fl. Kv. Æfingatímar eru í samráði við þálfara (Vigni)
6. fl. verður ef næg þátttaka fæst.
Til að byrja með mætir 6.fl. með 5.fl.

Sund og badmington



Sundæfingar verða í vetur á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Börn í 1.- 3. bekk æfa frá 17:00—17:45

Börn í 4.- 6. bekk æfa frá 17:45 –18:30

Rebekka (Riviere) Magnúsdóttir mun þjálfa sundið í vetur.

mánud	miðvikud	föstud
Sundæfingar 1.-3. bekkur 17:00 - 17:45	Sundæfingar 1.-3. bekkur 17:00 - 17:45	Sundæfingar 1.-3. bekkur 17:00 - 17:45
Sundæfingar 4.-6. bekkur 17:45 - 18:30	Sundæfingar 4.-6. bekkur 17:45 - 18:30	Sundæfingar 4.-6. bekkur 17:45 - 18:30



Sandra Helgadóttir mun þjálfa Badminton í vetur

mánud	fimmtud
Badminton 8-12 ára 19:00—20:00	Badminton 8-12 ára 18:00 - 19:00 Badminton 13-15 ára 19:00 - 20:00

Foreldrafélagið

Foreldrafélagið er stór hluti af starfsemi UMFP. Þeir sem vilja leggja starfinu lið geta lagt sitt af mörkum með því að starfa í stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið sér um að skipuleggja keppnisferðir, aðstoða við fjáröflun og aðstoða á ýmsan annan hátt við starfið. Nýlega samþykkti stjórn Þróttar foreldrahandbók þar sem hægt er að lesa um hlutverk foreldra í íþróttaiðkun barna sinna.



Hér standa vaskir foreldrar drengja í 5. flokki í Kleinubakstri.

Judo

Júdíóikendur eru kraftmiklir í Vogunum nú sem fyrr. Nú þegar eru æfingar hafnar undir styrkri stjórn Magga Hauks. Ennþá geta þó áhugasamir iðkendur bæst í hópinn. Boðið er upp á bæði barna- og fullorðinsflokka.

Júdo er ein besta alhliða þjálfun sem til er. Júdíó byggir upp kraft, snerpu, úthald og sjálfstraust. Júdo hefur reynst vel sem forvörn gegn einelti. Einnig myndast mikil samheldni og vinskapur milli manna í júdóinu. Æfingaraðstaðan í kjallaranum í íþróttamiðstöðinni er orðin mjög góð.

Allir eru velkomnir í júdó.

Kær kveðja frá júdó-mönnum og konum.



Athugið að júdíó byrjar 1.september

Hinn frábæri júdóþjálfari Magnús Hersir Hauksson þjálfar júdó hjá Þrótti.

	þriðjud	fimmtud	föstud
18:00 - 19:00	Yngri flokkur	Yngri flokkur	Yngri flokkur
19:00 - 20:00	Eldri flokkur	Eldri flokkur	Eldri flokkur